



Djúpvogsskóli

Hugrekki – Virðing - Samvinna

Skólaráð

Skv. grunnskólalögum skal starfa skólaráð við grunnskólann.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Í skólaráði Djúpvogsskóla 2020-2022 sitja:

Þorbjörg Sandholt, skólastjóri
Sigrún Eva Grétarsdóttir, fulltrúi kennara
María Dögg Línberg, fulltrúi kennara
Hafdís Reynisdóttir, fulltrúi starfsmanna
Haraldur Sigurjónsson, fulltrúi nemenda
Sigurásta Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda
Ágústa Margrét Arnardóttir, fulltrúi foreldra
Hildur Björk Þorsteinsdóttir, fulltrúi Foreldrafélagsins
Þórunnborg Jónsdóttir, fulltrúi Grendarsamfélags

Kosið er í skólaráð á tveggja ára fresti.